

5
8. jan. Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari.

6
8. jan. Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð hjónanna Þóru Bergsdóttur og Bjarna Guðbrands Jónssonar, járnsmiðs, Þingeyri“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 8. janúar 1946.
Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð hjónanna Þóru Bergsdóttur og Bjarna Guðbrands Jónssonar, járnsmiðs, Þingeyri.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður hjónanna Þóru Bergsdóttur og Bjarna Guðbrands Jónssonar, járnsmiðs á Þingeyri.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður þann 23. nóvember 1936 af samborgurum ofangreindra hjóna í tilefni af 80 ára afmæli Bjarna, og er stofnféð 80 — áttatíu — krónur, að viðbættum 920 — níu hundruð og tuttugu — krónum, sem er stofnfjártillag frá sonum hjónanna, sem síðar var afhent.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast í Sparisjóði Þingeyrarhrepps á Þingeyri og stendur að öllu leyti undir stjórn sjóðsins „Minningarsjóður Auðar Vésteinsdóttur“ með þeim skilyrðum, ákvæðum og takmörkum, sem þessi skipulagsskrá setur.

4. gr.

Stjórn Auðarsjóðs skal árlega semja og leggja fram til endurskoðunar reikning minningarsjóðs ofangreindra hjóna, Þóru og Bjarna, sjá um, að hann sé ávaxtaður og honum úthlutað á réttan hátt, tekur við gjöfum eða öðru fé, sem sjóðnum kann að áskotnast, leggur það við höfuðstól og lætur af hendi skilagrein fyrir því, samtímis ársreikningi Auðarsjóðs.

5. gr.

Tilgangur Minningarsjóðs Þóru Bergsdóttur og Bjarna Guðbrands Jónssonar er sá, að gleðja gamalmenni 65 ára eða eldri á afmælisdögum þeirra, og dvöl eiga á Elliheimili Auðarsjóðs eða annars staðar innan núverandi takmarka Þingeyrarhrepps. Dvelji á elliheimilinu önnur gamalmenni sýslunnar, má sjóðstjórnin og veita þeim afmælisglæðningu. Við úthlutunina ber þess ávallt vandlega að gæta, að farið sé eftir efnun og ástæðum, þ. e. þannig, að fátækum og unkomulausum gamalmennum sé úthlutað á undan hinum, sem meiri efni hafa.

6. gr.

Ársvextir skulu leggjast við höfuðstól, og skal því framhaldið, meðan Elliheimili Auðarsjóðs er ekki komið á fót. Eftir þann tíma má stjórn sjóðsins verja $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu — hlutum ársvaxtanna til þess, er um getur í 5. gr., en $\frac{1}{4}$ — einn fjórði — hluti vaxtanna leggst við höfuðstólinn. Höfuðstólinn má aldrei skerða. Sjóðstjórnin skal halda bók yfir hag sjóðsins frá ári til árs, og skal þar bóka hverja þá gjöf, sem úr sjóðnum er veitt.

7. gr.

Nú dvelst, að fyrirhugað Elliheimili Auðarsjóðs sé reist, en minningarsjóðurinn á hinn veginn orðinn svo stór, að hann sé stuðningshæfur til úthlutunar eftir dómi sjóðstjórnarinnar, og getur þá stjórnin ráðstafað $\frac{3}{4}$ — þremur fjórðu — hlutum vaxtanna innan takmarka Þingeyrarhrepps, eftir þeim ákvæðum, sem fyrir getur.

6

8 jan.

8. gr.

Skipulagsskrá þessari verður ekki breytt, nema allir stjórnendur sjóðsins séu því sammála.

9. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari, og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.

Þingeyri, 30. júní 1945.

REGLUGERÐ

um innflutning og gjaldeyrismeðferð.

7

16. jan.

Samkvæmt heimild í lögum nr. 91 30. nóv. 1945 er hér með sett eftirfarandi reglugerð um innflutning og gjaldeyrismeðferð:

1. gr.

Engar vörur, sem háðar eru leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laga um innflutning og gjaldeyrismeðferð, nr. 91 30. nóv. 1945, má flytja til landsins án leyfis viðskiptaráðs.

Leyfi viðskiptaráðs þarf þó ekki til að flytja til landsins:

1. Fatnað og aðrar ferðanauðsynjar, sem tilheyra farþegum, sem koma hingað til lands frá útlöndum, að svo miklu leyti sem tolfertílitmenn telja farangur þenna til eigin afnota farþeganna á ferðalaginu.
2. Íslenzkar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, ef þær eru endursendar í sömu umbúðum og þær voru sendar í héðan, og þeim fylgir vottorð erlendra tollstjórnar um það, að varan sé komin í erlent tollumdæmi héðan og send þaðan í sömu umbúðum og hún kom þangað.
3. Vörur, sem ætlaðar eru til afnota sendiherra erlendra ríkja og annarra, sem samkvæmt venju njóta hér tollfrelsis, eftir nánari reglum, sem fjármálaráðherra setur.

2. gr.

Hver sá, sem flytja vill til landsins vörur, sem háðar eru leyfisveitingum samkvæmt 1. tölulið 2. gr. laganna, skal senda viðskiptaráði umsókn um það með hæfilegum fyrirvara, og skulu umsókninni fylgja þau gögn og skýrslur, er viðskiptaráð krefst.

Leyfi, sem viðskiptaráð veitir til innflutnings, er jafnframt leyfi til þess að láta af hendi gjaldeyri til greiðslu varanna, nema annað sé tekið fram. — Viðskiptaráð getur sett þau skilyrði fyrir leyfisveitingum, sem því þykir ástæða til, samanber þó lög um nýbyggingarráð frá 24. nóv. 1944.

3. gr.

Skipstjórar, farstjórar og afgreiðslumenn skipa og annarra farartækja mega ekki afhenda viðtakendum aðfluttar vörur, sem leyfi þarf til að flytja megi hingað